

Nd.

28. Frumvarp til laga

um viðauka við lög nr. 13 20. okt. 1905, um rithöfundarétt og prentrétt.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Þó að 50 ár eða meira séu liðin frá dauða rithöfundar, má ekki birta rit hans breytt að efni, meðferð eða málblæ, ef gildi ritsins og breytingum þeim, sem gerðar eru á því, er svo háttáð, að ugga má, að almennum menningarhagsmunum yrði tjón að.

Við útgáfu íslenzkra fornrita skal fylgt samræmdri fornri stafsetningu, nema forn handrit séu gefin út stafrétt.

2. gr.

Nú er sleppt kafla eða köflum úr riti, og skal þess þá greinilega getið á forsiðu tilblaðs, svo og í auglýsingum um ritið.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 100—10000 kr. Enn fremur skulu öll þau eintök viðkomandi rits, sem til næst, gerð upptæk og ónýtt, nema brot sé smávægilegt.

4. gr.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið gæti þess, að lögum þessum sé framfylgt. Með mál út af broti á lögnum skal fara sem almenn lögreglumál.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og taka fyrirmæli þeirra til allra rita, sem út verða gefin eftir gildistöku þeirra.

Greinargerð.

Menntamálanefnd flytur þetta frv. eftir beiðni dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Nefndarmenn eru óbundnir um einstök ákvæði frv.

Eftirfarandi greinargerð fylgdi frv. frá ráðuneytinu:

„Þar eð skýrt hefur verið opinberlega frá ráðagerð um að gefa fornrit vor út með nútímastafsetningu, stýtt og jafnvel umrituð, en slíkt verður að teljast viðsjárvert, ef engar takmarkanir verða settar, þykir rétt, að sett verði lög, sem komi í veg fyrir, að þeim miklu bókmenntaverðmætum, sem þjóðin hefur tekið að arfi frá fyrri kynslóðum, verði þannig stefnt í voða.

Þá hefur þótt rétt að setja fyrirmæli um það, að á útgáfum fornrita vorra skuli vera forn, samræmd „normaliseruð“ stafsetning, svo sem tíðkæpt hefur. Ætlæzt er til, að hún verði í grundvallaratriðum hin sama og er á útgáfum Hins isl. fornritafélags. Auðvitað má samt gefa handrit út stafrétt.

Ákvæði 2. gr. eru sett til varnar gegn því, að fólk villist á bókum, sem köflum hefur verið sleppt úr.“